

# 320. fundur Skólanefndar FS

## 13. mars 2013



**Mættir:** Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Fanney D. Halldórsdóttir, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Ösp Birgisdóttir og Ísak Ernir Kristinsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrá.

- Dagskrá:**
1. Ársskýrsla.
  2. Staða, vegna fyrirspurnar.
  3. Önnur mál.

### 1. Ársskýrsla.

Skólameistari kynnti ársskýrslu skólans fyrir árið 2012. Þar koma fram upplýsingar um starfsemi og rekstur skólans, námsframboð, þróunarverkefni og fleira. Auk þess koma þar fram viðmið sem skólinn setur sér varðandi niðurstöður úr kennslumati og markmið við að draga úr brottfalli.

### 2. Staða, vegna fyrirspurnar.

Skólameistari dreifði upplýsingum um stöðu helstu mála í starfi og rekstri skólans í framhaldi af fyrirspurn á síðasta fundi.

### 3. Önnur mál.

- a) Í næstu viku heldur skólinn MEP, Model European Parliament, en þar taka þátt um 60 nemendur frá 12 þjóðum. Með þeim koma tólf kennrar og þá koma hingað tveir blaðamenn frá Belgíu til að fjalla um þingið.
- b) Mánudaginn 11. mars var opið hús fyrir nemendur í 10. bekk og foreldra þeirra kl. 17:00-19:00 en þann dag byrjaði forinnritun fyrir 10. bekkinga. Þar var námsframboð kynnt, nemendafélagið kynnti félagslífíð og gestum var boðið að ganga um skólann. Opna húsið heppnaðist vel og aðsókn var framar vonum.
- c) Búið er að undirrita skólasamning sem gildir 2013-2014.
- d) Skólastjórnendur standa fyrir námskeiði um lýðræði í skólastarfri ásamt framhaldsskólanum á Akranesi. Námskeiðið sitja stjórnendur framhaldsskóla.
- e) Skólinn er í samstarfi við Keili um fræðslu varðandi vendikennslu en ráðstefna með erlendum fyrirlesurum verður haldin í apríl.

f) Stjórnendur hittu fyrrum nemendur skólans sem nú stunda nám í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Þeir töldu sig vera vel undirbúna undir háskólanámið en töldu að álag í framhaldsskólanum mætti vera meira,

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Gudbj. R. Þórisdóttir*

Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður

*Pétur Jónsson*  
Böðvar Jónsson

*Fanney D. Halldórsdóttir*  
Fanney D. Halldórsdóttir

*Guðbjörg Kristm.*  
Guðbjörg Kristmundsdóttir

Pétur Brynjarsson  
*Pétur Brynjars*  
Ösp Ólafsdóttir  
*Ólaf Ólafsdóttir*  
*Isak E. Kristinsson*  
Isak Ernir Kristinsson

*Gunnar Vald.*  
Gunnar Valdimarsson

*Kristján Ásmundsson*  
Kristján Ásmundsson

*Guðmann Kristþór*  
Guðmann Kristþórsson, fundarritari